

Sp.

50. Tillaga til þingsályktunar

[49. mál]

um æskulýðsmálaráðstefnu.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Sigurvin Einarsson, Björn Fr. Björnsson, Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Hermann Jónasson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kveðja til ráðstefnu, er hafi það verkefni að taka til rækilegrar athugunar hin margþættu vandamál í sambandi við skemmtanir, félagslíf og tómstundir æskufólks og gera tillögur til úrbóta.

Ríkisstjórnin skipar 25 fulltrúa til setu á ráðstefnunni. Skipan þeirra skal vera með þessum hætti:

Ríkisstjórnin skipar einn fulltrúa án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Aðrir fulltrúar séu skipaðir samkvæmt tillögum aðila, en þeir eru þessir:

I. Alþingi 4 fulltrúar, þ. e. 1 frá hverjum þingflokki.

II. Kvenfélagasamband Íslands 5 fulltrúar, þ. e. 1 úr Reykjavík og 1 úr hverjum landsfjórðungi.

III. Þessir aðilar tilnefna 1 fulltrúa hver:

Kirkjuráð.

Háskólaráð.

Samband framhaldsskólakennara.

Samband íslenzkra barnakennara.

Ungmennafélag Íslands.

Íþróttasamband Íslands.

Æskulýðsráð.

Stórstúka Íslands.

Rithöfundasamband Íslands

Alþýðusamband Íslands.

Stéttarsamband bænda.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Landssamband iðnaðarmanna.

Samband íslenzkra verzlunarmanna.

Lögreglustjórn Reykjavíkur.

Nú skorast aðili undan tilnefningu fulltrúa, og skipar þá ríkisstjórnin í það sæti.

Ráðstefnan skal fela 5 manna nefnd úr hópi fulltrúa að starfa milli funda.

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með ráðstefnunni og sér henni fyrir hæfilegri aðstöðu til starfa.

Ráðstefnan skal hafa lokið störfum fyrir 1. október 1964 og sent tillögur sínar ríkisstjórninni, en hún leggur þær fyrir Alþingi.

Starf fulltrúa sé ólaunað, en þóknun til 5 manna nefndarinnar og annar kostnaður við ráðstefnuna, þar á meðal ferðakostnaður fulltrúa, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það, sem mestu máli skiptir með hverri þjóð, er manngildi þjófélagsþegnanna og að hver maður fái sem best notið hæfileika sinna til farsældar fyrir hann og eflingar þjóðinni.

Hjá fámennri þjóð eins og Íslendingum, þar sem nær óþrjótandi verkefni biða úrlausnar, þarf að vera valinn maður í hverju rúmi.

Hverju góðu heimili er annþ um þau ungmenni, sem þar alast upp. Á sama hátt þarf ríkisvaldið og þjóðarheildin að láta sér umhugað um æskufólkið, búa því góð skilyrði til menntunar og þroska, laða það að hollum viðfangsefnum og veita aðhald, ef það leggur út á óheillavænlega braut.

Á síðari árum hefur íslenska þjóðin lagt mikið af mörkum til að búa æskunni góð skilyrði til menntunar og félagslífs. Skólar hafa verið reistir, félagsheimilum og öðrum samkomuhúsum komið á fót, íþróttamannvirki gerð og samgöngur bættar. Vissulega ber þetta mikinn árangur.

Hitt er þó einnig augljóst, að í sambandi við skemmtanir, félagslíf og tómstundir æskufólks eru margþætt vandamál og annmarkar, sem kosta þarf kapps um að ráða bót á. Nægilegrar hófsemi er ekki gætt, áfengisnautn er áberandi, og afbrot unglinga fara vaxandi.

Ríkisvaldinu ber skylda til að gefa þessu gaum og hafa forustu um, að leitað sé að sem flestum leiðum, sem færar eru, til að breyta hér um til bóta. Þær leiðir hljóta annars vegar að stefna að því marki að leiðbeina, laða æskufólk til hófsemi og menningarlegra háttá í félags- og skemmtanalífi og hins vegar með vissum ráðstöfunum draga úr áhrifum þess, er reynist viðsjátt á vegum ungmenna, og veita nauðsynlegt aðhald með aukinni löggæzlu o. fl.

En til þess að ráðstafanir, sem gerðar eru á þessu sviði, beri góðan árangur, þarf almenningsálitið að standa að baki ríkisvaldinu. Hér þarf þjóðlegrar vakningar í þessum efnunum.

Með tillögu þessari er stefnt að því að leita eftir uppástungum og áhrifum að þessu leyti sem víðast úr þjóðlífinu og skapa vettvang til skiplegs samstarfs á þessu sviði af hálfu margra áhrifamikilla stofnana og félagsheilda á landinu. Samkvæmt tillögunni skal ríkisstjórnin kveðja saman æskulýðsmálaráðstefnu, er skili álit og tillögum fyrir 1. október 1964. Tillögur ráðstefnunnar geta síðar orðið grundvöllur að nýrri lagasetningu eða ályktunum Alþingis.

Ýmsir uppeldisfræðingar, æskulýðsleiðtogar og kennimenn hafa opinberlega vakið athygli á þeim vandamáli, sem hér er drepið á, m. a. nú fyrir skömmu hinn þjóðkunni æskulýðsleiðtogi Snorri Sigfússon fyrrverandi námsstjóri í skörulegu útvarpserindi, er vakti mikla athygli. Það er því án efa mikill og vaxandi vilji fyrir hendi um það, meðal þeirra, sem um þetta hugsa, að tekið sé á þessum vandamáli með röggsemi og festu og reynt að finna heppilegar leiðir til úrbóta. Má ætla, að margt gott gæti af því sprottið, að allmörgum mönnum, er sérstaklega yrðu til þess valdir, væri falið það verkefni, sem hér um ræðir.